



# SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic Hunting and Shooting Association. Den Islandske jagt og skytteforening.

Landsfélag um skynsamlega skotveiði

Alþingi  
Erindi nr. Þ 122/167

LAUGAVEGUR 103 • 105 REYKJAVÍK

komudagur 21.11.197

Reykjavík, 20. nóvember 1997.

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

## Svar Skotveiðifélags Íslands um frumvarp um vopnalög.

Á vormánuðum 1995 fréttum við hjá Skotvís að skipuð hefði verið nefnd til að endurskoða skotvopnalöggjöfina. Þau lög sem nefndin lagði til grundvallar voru lög frá 1977 sem voru þó að grunni frá 1936. Í hverfulum heimi hefur ýmislegt breyst og fögnuðum við Skotvísfélagar því endurskoðun laganna, meðal annars vegna "villdýralaganna" svo nefndu hafa ýmsar forsendur breyst. Við sóttum síðan mjög stíft að fá mann í nefndina, þar sem Skotvís er lang stærsta félagið á þessu sviði með rúmlega 2300 félagsmenn í dag. Því er skemmst frá að segja að við fengum ekki mann í nefndina en var lofað samstarfi um endurskoðun laganna. Við hófum því störf og kynntum okkur meðal annars skotvopnalöggjafir frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Englandi, Ástralíu, EES og ESB svo nokkuð sé nefnt. Niðustaða þeirra athugana er á þá leið að á Íslandi verður að öllum líkindum þrengsta skotvopnalöggjöf í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Það má samt ekki skilja það sem svo að okkur þyki það slæmt, síður en svo, svo fremi sem eðlileg notkun skotvopna til veiða og íþróttaiðkana sé ekki takmörkuð meira en góðu hófi gegnir.

Í nefndinni sátu þrír menn, þeir Páll Hersteinsson líffræðingur, Helgi Skúlason kennari við Lögregluskólann og Högni S. Kristjánsson lögfræðingur og fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu. Á lokastigum frumvarpsgerðarinnar héldum við einn fund með þeim Helga og Högna, en Páll hafði þá sagt sig úr nefndinni sökum anna. Töldum við þann fund hafa verið mjög gagnlegan. Að fundi loknum þökkuðu nefndarmenn okkur samstarfið og höfðu á orði að við hefðum frekar þrengt löggjöfina heldur en hitt. Reiknuðu nefndamenn með að allar okkar athugasemdir kæmust inn í frumvarpið, en við myndum seinna fá frumvarpið til yfirlestrar áður en

*Þá er veiðidagur góður, þegar hóflega er veitt, með talsverðri líkamlegri áreynslu,*

*vakandi náttúruskyni og sært dýr liggur ekki eftir að kvöldi.*



það þæri til allsherjarnefndar. Svo fór nú ekki. Hvað veldur er ekki gott að segja, sennilega hafa tíð mannskipti í Dómsmálaráðuneytinu eitthvað með það að gera. Högni er farinn til Genf og eftirmaður hans hefur einnig látið af störfum. Frumvarpið er annars að flestu leyti í lagi og þær athugasemdir sem hér fylgja á eftir eru að mestu leyti smávægilegar. **Þar eru þó þrjú meginatriði sem verður að lagfæra.**

1. Í vor sem leið sendi dómsmálaráðherra orsendingu til allra lögreglustjóra um stefnubreytingu í málum hvað varða skráningu skotvopna sem flutt hafa verið til landsins og aldrei verið skráð. Við úrlausn erinda af þessum toga hefur ráðuneytið hingað til eftir atvikum veitt umbeðna heimild fyrir skráningu, þrátt fyrir að vopnið hafi aldrei verið skráð. Hefur verið litið svo á að betra kynni að vera við tiltekna aðstæður að vopn væru fremur skráð, en hitt að þau væru áfram óskráð og í vörslum manna leyfislaust. Rétt er að benda á að Ísland er eina landið þar sem allar byssur, þ.á.m. haglabyssur eru skráðar. En í vor var mótuð sú stefna að slíkar heimildir skuli almennt ekki veittar að óbreyttum lögum, og öll óskráð skotvopn sem lögreglu berst vitneskja um skuli haldlögð í samræmi við ákvæði 35. grein laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Í þessu sambandi vildi ráðuneytið benda á þær heimildir sem lögreglustjórar hafa til ráðstöfunar á skotvopnum sem falla til embætta þeirra, að það sé rétt og í samræmi við fjárhagslega hagsmuni ríkisins að slíkum hlutum sé að öllu jöfnu komið í verð. Hvað varðar þá aðferð sem viðhöfð verður við að koma vopnum í verð, skuli lögreglustjórar gæta almennra lagareglna um jafnræði þess að sanngjarnt endurgjald sé jafnan látið í té fyrir hið selda, en hafa þeir þó jafnframt nokkuð svigrúm sem almennt hlýtur að helgast af markaðsverði sambærilegra vopna. Með öðrum orðum ef skotveiðimaður kemur með áður óskráð vopn til skráningar á hann það á hættu að vopnið verði gert upptækt á staðnum og honum það boðið til sölu aftur yfir borðið. Stjórn SKOTVÍS sendi dómsmálaráðherra bréf þann 3. júní síðast liðinn vegna þessa máls. Þar varar stjórn SKOTVÍS við þessari breytingu á skráningu skotvopna sem ráðuneytið er að beita sér fyrir. Þar kom m.a. fram sú skoðun okkar að ekki nokkur maður sem á óskráða byssu muni fara og láta skrá vopnið þar sem hann eigi von á því að vopnið verði gert upptækt og honum selt það til baka á markaðsverði. Að mati stjórnar SKOTVÍS hefur þetta í för með sér að hér mun verða öflugur neðanjarðarmarkaður þar sem óskráðir fjölskota riffilar, haglabyssur og skammbyssur munu ganga kaupum og sölum. Þetta fyrirkomulag muni m.a. hafa það í för með sér að mun auðveldara verði fyrir þá, sem alls ekki eiga að hafa skotvopn undir höndum, að eignast vopn. Skemmst er frá því að segja að svar barst ekki við þessu bréfi okkar fyrr en nú í



október. Vorum við þá búin að hringja reglulega og spyrjast fyrir um hvort ekki mætti búast við svári, og svörin jafnan á þá leið að von væri á svári á næstu vikum. Í þessu síðbúna svári frá ráðuneytinu var aðfinnslum okkar kurteislega vísað á bug. Kom þar fram að ráðuneytið álitur að með þessari stefnubreytingu verði m.a. komið í veg fyrir að menn smygli vopnum inn til landsins, án þess að greiða af þeim lögboðin aðflutningsgjöld o.þ.h. Með fyrra fyrirkomulagi hafi viðkomandi einstaklingar því í raun verið verðlaunaðir fyrir lögbrot, og jafnframt hafi ríkissjóður orðið af umtalsverðum tekjum. En í bréfi stjórnar SKOTVÍS hafði ráðherra góðfúslega verið bent á að ástæður fyrir smygli á vopnum séu m.a. ofurskattheimta sú sem felst í 25% vörugjaldi sem lagt er á byssur, skot og skyldar vörur, ásamt 7,5% tolli, virðisaukaskatti, heilðsölu- og smásöluálagningu. Þetta áður nefnda vörugjald er ekki lagt á aðrar vörur sem tengjast íþróttaiðkunum, s.s. skíði, golfsett eða veiðistangir. SKOTVÍS hefur barist fyrir því að fá þetta vörugjald fellt niður en yfirvöld séð alla annmarka á því. Hefur þessi ofurskattheimta augljóslega verið mönnum hvatning að smygla inn vopnum. Erfitt verður fyrir sýslumenn landsins að leggja mat á verðmæti vopna og þeim raunar gert ómögulegt að starfa eftir þessum lögum. Því leggur Skotveiðifélag Íslands hér með til að 25% vörugjald á byssur, skot og skyldar vörur verði aflagt og að þessi athugasemd verði felld inn í 35. grein:

**Komi eigandi óskráðs skotvopns með það til lögreglu eða sýslumanna og sýnilegt að vopnið er notað skal embættið skrá vopnið. Ef augljóst er að hér er um glænýtt skotvopn sé að ræða skal eiganda þess boðið að greiða af því öll opinber gjöld eins og hann hafi flutt það sjálfur inn til landsins. Þetta ákvæði á einnig við um vopn sem eru yngri en eins árs gömul.**

*Athugasemd með þessari breytingartillögu:*

Í nágrannalöndum okkar er það almennt talið að mun heppilegra sé að hafa skotvopn skráð frekar en óskráð. Skráning skotvopna er vægast sagt í miklum lamasessi hér á landi. Ekki er til nein ein skrá yfir öll skotvopn á landinu. SKOTVÍS er kunnugt um að menn hafi haft skotvopn undir höndum sem talið er að hafi verið skráð, en við athugum hefur svo komið í ljós að einhverra hluta vegna er vopnið ekki á skrá. Einnig er dæmi þess að vopn hafi verið á skrá á nafni manns sem hafi verið látinn í nokkur ár. Það er því afar brýnt að embætti Ríkislögreglustjóra láti við fyrsta tækifæri skrá öll skotvopn sem til eru í landinu. Í því sambandi mætti hugsa sér að gefa eigendum óskráðra vopna frest (t.d. 3 mánuði) til að skrá vopnið. Varðandi það atriði breytingartillögu okkar á 35. greininni, þess efnis að greiða skuli



Öll opinber gjöld ef vopnin yngri en eins árs, er rétt að geta þess að mjög auðvelt er að fá upplýsingar um framleiðsluár skotvopna. Ef framleiðslunúmer vopnsins er sent til verksmiðjunnar sem framleiðir vopnið er um leið hægt að fá upplýsingar um framleiðsluár vopnsins.

2. Í annan stað þá vantar allar skilgreiningar á hvað er riffill, hvað er haglabýssa og hvað er skammbýssa. Þessar skilgreiningar eru til í öllum öðrum lögum sem við höfum séð, þar á meðal EES. Það sem þarf að vera er til dæmis á haglabýssu lágmarks lengd á hlaupi (50 cm víðast í Evrópu en 21" í bandaríkjunum og Kanada) og lágmarks heildarlengd (til dæmis 80 cm). Ef býssan er orðin styttri en þetta þá flokkast hún ekki lengur sem haglabýssa, heldur sem skammbýssa og menn þurfa þá tilheyrandi strangari leyfi. Ef þessar skilgreiningar eru komnar inn, og þá eins og þær eru í Evrópu, auðveldar það flutning veiðimanna og íþróttamanna á byssum milli landa, eins og tryggt er samkvæmt EES. Það auðveldar einnig skilgreiningar á hvernig má breyta byssum, og myndi þá bætast við í 38. grein setning sem skilgreinir að óheimilt sé að breyta byssu þannig að hún færist milli flokka, það er að segja óheimilt sé að stytta byssu það mikið að hún flytjist frá flokki haglabýssa niður í flokk skammbýssa.

3. Í þriðja lagi er í almennum athugasemdum fjallað um skotvopn á þó nokkuð einkennilegan máta. Þar er verið að ýja að því að vopn tengist afbrotum og því beri að takmarka vopnaeign svo sem kostur er, og að vopn séu hættuleg tæki og almennt beri að stuðla að því að þau séu ekki höfð um hönd nema í undantekningartilvikum þegar það styðst við gild rök. Samkvæmt töflu í lok skýringar eru skotvopnaleyfi rétt rúm 18 þúsund, og vantar þó þar inn sveitarfélög eins og til dæmis Kópavog, og einnig má búast við að skotvopnaleyfishafar séu fleiri en þessi skráning gefur til kynna. Það virðist því vera þannig að nærri 10. hver Íslendingur hafi skotvopnaleyfi, en samt eru glæpir tengdir skotvopnum sem betur fer hverfandi á Íslandi. Það hefur verið sýnt fram á það í rannsóknum í Bretlandi, New York og Sviss að ekki er samhengi milli skotvopnaeignar almennings og vopnaðra glæpa. Í Bretlandi hefur vopnuðum glæpum fjölgað en byssueign minnkað, eins og sést í grein í nýjasta tölublaði Skotvís-fagrits um skotveiðar og útivist. Í New York hefur glæpum fækkað undanfarin ár með breyttri löggæslu en skotvopnaeign verið að aukast. Í Sviss, þar sem hver karlmaður yfir 18 ára er skyldugur til að eiga riffil (hefur eitthvað að gera með landvarnir!), eru vopnaðir glæpir hlutfallslega fátíðari en í nágrennalöndum Sviss. Ég tel því að það sé hálfgerð ókurteisi að bendla á þennan hátt skotvopnaleyfishafa við glæpi, og hreinn óþarfi að láta slíkt koma fram í lögum.



**Þrátt fyrir þetta telur SKOTVÍS lögin að mörgu leyti góð en viljum samt benda á eftirfarandi athugasemdir við hverja grein fyrir sig.**

1. kafli 1. gr. Fella út “fast eða fljótandi” þar sem sprengiefni geta verið gaskennd (t.d. gas+súrefni). Hafa í staðinn “hvert það efni eða efnablanda.....”. Í stað “flugelda, reyk- og hvellsprengjur...” skal setja “flugelda, blys, reyk- og hvellsprengjur.....”

1. kafli 2. gr. Eru þá ekki leikföng orðin undir þessum lögum? Vantar “ef ætla má að erfitt sé að greina þær frá fyrirmyndunum.”

1. kafli 3. gr. Bæta við neðst undir liðnum e) Startbyssur, hundapjálfunarbyssur o.fl.

2. kafli 4.gr. Fella út 4 gr. Frá “Handhafi skotvpnaleyfis er....” til “...slík skotfæri hér á landi”. Þetta er hvergi annars staðar í heiminum. Hvað varðar setninguna “Í leyfi skal koma fram hversu.....” eru efni til hleðslu hættuminni en byssan sem þér er treyst fyrir. Ef menn þurfa ekki leyfi til að kaupa ákveðið magn fullhlaðinna skota, af hverju þá takmarka magn af efnum í framleiðsluna? Þessi setning þarf að fara út. Kjarni, sem er áburður á tún, seldur í 50 kílóa sekkjum í brettavís hefur t.d. svipaða eiginleika og púður.

2. kafli 5 gr. Í liðnum a) stendur hálfsvírfirka skammbyssu, en þetta er leyft til íþróttaiðkana sbr. seinna í lögunum.

2. kafli 9. gr. Það gengur ekki að verslunareigandi þurfi að skrá hvem pakka og hvert skot sem er rétt yfir búðarborðið. Þetta er ómögulegt í framkvæmd í smásölu en eðlilegt fyrir innflytjendur og í heildsölu.

2. kafli 10. gr. Sama og í 2. kafla 4.gr. Skynsamlegra væri frekar að t.d. banna sölu á byssum og skotfærum til einstaklinga sem eru undir áhrifum áfengis.

3. kafli 13. gr. Það er spurning hvort það sé eðlilegt að 14-16 ára Norðmaður hafi leyfi til að skjóta á Íslandi í fylgd með forráðamanni en 19 ára Íslendingur ekki, og fer að vera spurning um jafnræði!

3. kafli 14. gr. Við sjáum enga ástæðu til að víkja frá skráningu slíka vopna þar sem þau eru í eðli sínu stutt og auðvelt að bera þau innan klæða.



3. kafli 16. gr. Spurning hvort koma megi byssu fyrir í tímabundinni gömslu. Ég sé t.d. vandamál fyrir afa að arfleiða t.d. dótturson sinn, sem enn hefur ekki aldur, að byssu.

3. kafli 17. gr. Þessi grein verður að falla út, stenst ekki lög um félagafrelsi, enda þjónar hún engum tilgangi.

3. kafli 18. gr. Það er bjargföst trú okkar að í skotvopnaskrá eigi að skrá öll skotvopn á Íslandi. Til þess að sem flest skotvopn verði skráð þarf að tryggja að sem auðveldast sé að skrá óskráð skotvopn, því það hlýtur að vera betra að hafa vopn skráð en óskráð?

3. kafli 19. gr. “Samskonar” falli út og í staðinn komi “sambærilegt” eða “slíkt”.

3. kafli 21. gr. Skilgreina betur almannafæri, hvað um t.d. Bláfjöll?

3. kafli 22. gr. Fella greinina út.

4. kafli 28. gr. Ábendingin er góð en þarf hún að vera bundin í lög?

5. kafli 30. gr. a) liður. Þarna þarf aðra skilgreiningu, t.d. ljár til að slá gras er ekki heimilishald né heldur atvinna, spurning hvort ekki sé hætt að bæta aftan við þetta “enda sé ástæða til að ætla að bitvopnið verði notað....”

5. kafli 30. gr. d) liður. Sverð geta líka verið stunguvopn!

7. kafli 34. gr. “eða ætla megi að leyfishafi....” falli út. Þarf að vera skýrar orðað, geðþóttamat á ekki að vera til staðar í slíku máli.

7. kafli 35. gr. Væri ekki nær að hafa 1 ár í stað eins mánaðar? Guð á margan gimstein þann sem glóir í mannsorpinu. Lögregla á ekki að hafa rétt til þess að ákvarða einhliða gæði eða söfnunargildi vopna. Þar á bæ er oftast ekki fyrir hendi þekking til slíks!

8. kafli 38. gr. Hér vantar skilgreiningu hvað má og hvað ekki. Ein af veiðibyssum annars okkar er breytt á 5 mismunandi vegu en ekkert af því breytir virkni hennar, hér vantar t.d. lágmarkslengd á hlaupi (20 tommur í USA, 50cm ef við munum rétt í Danmörku o.fl.).



II. Almennar athugasemdir. Þetta er einfaldlega rangar og fordómafullar fullyrðingar, algerlega órökstuddar og í þversögn við allar rannsóknir á sambandi milli vopnaðra glæpa og skráðra skotvopna. Vil ég benda á New York, glæpum fækkar en byssueign eykst. Sviss, þar sem glæpatíðni er lág en byssueign skylda. Síðast en ekki síst grein í Skotvís, tímariti um skotveiðar og útivist, þar sem Bretland er skoðað.

III. Helstu nýmæli. 3.gr. Ef einstaklingur er með fangið fullt af safngripum hvaða máli skiptir eitt stykki til, maðurinn hefur jú bara 2 hendur. Gera þarf kröfu um læstar hirslur ef menn eiga fleiri en 5 byssur.

4.gr. Sjá athugasemd við 3.kafla 18.gr.

**Eins og sjá má eru athugasemdir okkar á frumvarpinu nokkuð margar. Því teljum við æskilegt að fulltrúar SKOTVÍS fengju fund með Allsherjarnefnd Alþingis við fyrsta tækifæri, þar sem við gætum skýrt út mál okkar enn frekar og svarað spurningum nefndarmanna.**

Með vegsemd og virðingu

Sigmar B. Hauksson formaður SKOTVÍS  
Einar Kr. Haraldsson varaformaður SKOTVÍS